



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

Selfossi, 26. janúar 2021  
2101365


Til foreldra/forráðamanna barna sem fara í Stekkjaskóla

### **Kæru foreldrar og forráðamenn**

Eins og fram kom í frétt á Árborgarvefnum í nóvember 2020 tekur nýr grunnskóli, Stekkjaskóli, til starfa á Selfossi í ágúst 2021. Með tilkomu hins nýja grunnskóla flytjast nemendur úr Sunnulækjarskóla og Vallaskóla yfir í Stekkjaskóla í samræmi við skólahverfi sveitarfélagsins. Samkvæmt hverfaskipulagi mun barnið þitt innritast í Stekkjaskóla skólaárið 2021-2022. Skólahverfin eru tilgreind í reglum um innritun í grunnskóla sveitarfélagsins Árborgar frá 16. sept. 2020.

Skólaárið 2021-2022 verða fjórir árgangar (1.-4. bekkur f. 2012-2015) í Stekkjaskóla með rúmlega 150 nemendur. Fjöldi nemenda sem áætlað er að flytjist úr Vallaskóla í Stekkjaskóla eru 45 nemendur og úr Sunnulækjarskóla má áætla að um 47 nemendur flytjist yfir. Opnað hefur verið fyrir innritun á Mín Árborg fyrir nemendur í tilvonandi 1. bekk. Nemendur í 2.-4. bekk (f.2012-2014) verða færðir milli skóla í Mentor á samstarfsvettvangi skólastjóra og skólaþjónustu Árborgar og þurfa því foreldrar þeirra barna ekki að innrita barn sitt. Óski þeir eftir undanþágu frá reglum um innritun í grunnskóla skal slík undanþágubeiðni sett fram með formlegum hætti á [arborg.is/Mín Árborg](http://arborg.is/Mín_Árborg): „Beiðni um flutning milli grunnskóla” og fer meðferð slíkra beiðna fram samkvæmt reglum um innritun.

Í fyrstu verður Stekkjaskóli starfræktur í rúmgóðum, snyrtilegum og færanlegum kennslustofueiningum (mynd 1 og 2). Þær verða allar tengdar saman með miðrymi sem nýtist vel til samvinnu nemenda þvert á námshópa. Stefnt er að því að taka fyrsta áfanga nýbyggingar Stekkjaskóla í notkun haustið 2022 (mynd 3). Nokkur góð dæmi eru til hér á landi af stofnun nýrra skóla í færanlegum kennslustofueiningum og má þar til að mynda nefna Norðlingaskóla í Reykjavík og Stapaskóla í Reykjanesbæ. Lögð verður áhersla á að skólalóðin verði vel afmörkuð og henti vel til útikennslu og leikja. Jafnframt verða byggingasvæði í næsta nágrenni afgirt. Nemendur Stekkjaskóla fara með skólabílum í sund í Sundhöll Selfoss og íþróttir í Vallaskóla. Stefnt er að því að bjóða nemendum í 1. bekk að vera í frístundaheimili Stekkjaskóla en á næsta skólaári verði nemendur í 2.-4. bekk (f.2012-2014) í frístundaheimilinu Bifröst í Vallaskóla og frístundaakstur verður þá í boði. Nánara skipulag frístundastarfsins verður kynnt betur síðar.




Mynd 1 og 2. Drög að tillögu að útliti Stekkjarskóla haustið 2021



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið



Mynd 3. Tillaga að útliti Stekkjarskóla haustið 2022

Búið er að ráða tvo skólastjórnendur og tók Hilmar Björgvinsson formlega til starfa sem skólastjóri 1. janúar síðastliðinn og Ástrós Rún Sigurðardóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarskólastjóri frá og með 1. mars nk. Bæði hafa þau mikla og góða reynslu af kennslu- og stjórnunarstörfum í grunn-skólum. Í skólastarfi Stekkjarskóla verður lögð áhersla á skapandi og sveigjanlega kennsluhætti, gott samstarf við foreldra, vellíðan nemenda og alls starfsfólks. Þau munu halda fund með foreldum nú á vormisseri. Netföng þeirra eru [hilmarb@arborg.is](mailto:hilmarb@arborg.is) og [astros@vallaskoli.is](mailto:astros@vallaskoli.is).


### Skólahverfi Stekkjarskóla afmarkast af:

Fossheiði og Grashaga í norðri Kjarmóa, Starmóa, Bleikjulæk, Eyrarlæk, Sílalæk, Þúfulæk, Urriðalæk og Laxalæk í vestri. Stekkjahverfi (Björkurstykki) í suðri. Kjarrhólum, Grafhólum, Birkihólum, Lambhaga, Laufhaga og Reyhaga í austri Nemendur sem búa í hinum gamla Sandvíkurhreppi og þ.m.t. Tjarnarbyggð fara einnig í Stekkjarskóla.

Allar götur innan hverfis: Akurhólar, Álalækur, Berghólar, Birkihólar, Bjarkarstekkur, Bleikjulækur, Dranghólar, Eyrarbakkevegur, Eyrarlækur, Eyravegur 46,48,50, Fífumói, Flugvöllur, Fossvegur 8-10, Gagnheiði, Grafhólar, Grashagi 3a,3b,3c,5,7,9,11,13-24, Hagalækur, Heiðarstekkur, Heimahagi, Hellishólar, Hraunhólar, Kerhólar, Kjarrhólar, Kjarmói, Lambhagi, Laufhagi, Laxalækur, Lágheiði, Lyngmói, Melhólar, Móavegur, Móstekkur, Nauthagi, Norðurhólar, Reyhagi, Sílalækur, Starmói, Suðurhólar, Tjarnarmói, Urðarmói, Urðarstekkur, Urriðalækur, Úthagi, Vesturhólar, Þúfulækur.

Þau börn sem fædd eru á árunum 2012, 2013, 2014 og 2015 og eiga lögheimili í ofangreindu skólahverfi eiga því vísa skólasókn í Stekkjarskóla. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að skipta í bekki síðastliðin ár með tilliti til þessarar hverfaskiptingar, en af ýmsum ástæðum hefur sú skipting riðlast nokkuð og á það sérstaklega við um núverandi 3. bekki.

Með ósk um gott og farsælt samstarf

  
Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**  
Fjölskyldusvið

Þorsteinn Hjartarson  
sviðsstjóri